

Stjórnarfundur Félags eldri borgara á Seltjarnarnesi 29.09.25.

Haldinn að Skólabraut 5, mættir: Sigríður Ólafsdóttir, Sigurður Hannesson, Inga Hersteinsdóttir, Stefán Bergmann og Kristbjörg Ólafsdóttir.

1. Farið var yfir þau málefni sem tekin voru fyrir á formannafundi LEB sem haldinn var að Varmalandi í Borgarfirði 23.-24. september s.l. og Kristbjörg sat fyrir hönd FebSel. Fundurinn var athyglisverður og þar tekin fyrir málefni sem efst hafa verið á lista samtakanna undanfarin misseri þ.e. kjaramálin, skerðingarmálin, húsnæðismálin, öldungaráðin, sveitastjórnakosningarnar á næsta ári, fordómar gagnvart ellinni og eldra fólki, einmanaleiki og þunglyndi og hver ættu að vera forgangsmál LEB á komandi árum. Allt þetta var rætt á nokkrum borðum, tillögur teknar saman og verður unnið úr þessu á næstu dögum og okkur sendar svo niðurstöðurnar þegar þær liggja fyrir. Eins mun formaður LEB senda okkur niðurstöður fundarins í heild. Stjórn FebSel fær þetta sent um leið og þær berast.
2. Húsnæðismál varðandi Skólabraut 10 voru næst á dagskrá. Jón Sandholt hefur verið í sambandi við formann FebSel og viðrað væntanlegar framkvæmdir á staðnum. Hann virðist hafa í hyggju að endurbyggja húsið með þarfið 60 ára+ í huga og er að leita eftir áliti og/eða stuðningi okkar við það. Við vorum sammála um að ekki væri kostur fyrir stjórn FebSel að koma að þessu máli núna. Formanni gert að svara Jóni því, að áfram hefðum við mikinn áhuga á framvindu húsnæðismála fyrir eldri borgara á Seltjarnarnesi, en við værum engir „áhrifavaldar“ hvað þetta varðar.
3. Við ræddum virkniþingið sem haldið var í safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju 17.09.25. Sammála um hversu vel hefði tekist til og farið yfir hvert „teymið“ ætti að stefna í framtíðinni. Þegar hefur verið ákveðið að fundir skuli haldnir í teyminu annan hvern mánuð og forvarnar- og samkiptastjóri bæjarins héldi utan um starfið. Næsti fundur teymisins er boðaður 01.10.25 þar sem fara á yfir virkniþingið og ákveðið hvað fylgir þessu í nánustu framtíð.
4. Ýmis önnur mál voru rædd, eins og samstarf við bókasafnið og tillaga um að fá rithöfunda og skáld til að halda fyrirlestur um bækur sínar. Snjalltækjaaðstoð á bókasafninu virðist vera í burðarliðnum og þrjónakaffi kom líka til umræðu, en kirkjan er líka komin með sitt þrjónakaffi.

Fundurinn stóð í tvo tíma.

Virðingarfyllt,

Kristbjörg Ólafsdóttir (í forföllum fundarritara Aðalbjargar).